



## 1180. stjórnarfundur VR

**Haldinn miðvikudaginn 12. desember 2018, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.**

**Mætt voru:** Ragnar Þór Ingólfsson, Agnes Erna Estherardóttir, Arnþór Sigurðsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Birgir Már Guðmundsson, Dóra Magnúsdóttir, Elizabeth Ann Courtney, Friðrik Boði Ólafsson, Guðrún Björg Gunnarsdóttir, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Unnur María Pálmadóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

#### 1. Fundargerð 1179. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1179. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

#### 2. Kjaramál, staðan á kjaraviðræðum

Ragnar Þór sagði að nú væru allar nefndir ASÍ, LÍV/VR og stjórnvalda vegna kjarasamninga farnar að vinna. Ekkert er þó að fréttu og lítið annað en þreifingar í gangi og sérfræðingar í útreiknivinnu. Vonandi kemur einhver niðurstaða fyrir helgi þótt það muni varla breyta nokkru.

Við erum núna að sameina okkar vinnu og þeirra hjá SGS en ekkert svar hefur enn komið frá vinnuveitendum varðandi launaliðinn.

Rætt hefur verið um húsnæðismál en ekkert að gagni komið út úr því og verður sennilega að láta sverfa til stáls í viðræðum svo hreyfing komist á málin.

Ragnar Þór sagðist þeirrar skoðunar að vísa þurfi deilunni til ríkissáttasemjara svo ekki verði frekari tafir. Við þurfum að standa í lappirnar en þetta klárast varla fyrir áramót.

Bjarni Þór mætti hér til fundar kl. 17:45

Ragnar Þór sagðist óska eftir umboði stjórnar til að fá að vísa deilunni til ríkissáttasemjara en það gerum við auðvitað ekki ein en þó nauðsynlegt að hann hafi það umboð ef á þarf að halda.

Umræður.



Ragnar Þór sagði nú frá auglýsingaherferð okkar um „Georgskjör“ og fræðslumyndbönd – þetta er mjög vel heppnað og hefur vakið gríðarlega athygli í samfélaginu.

Umræður.

Að loknum umræðum bar Ragnar Þór upp til atkvæða þá ósk hans að fá umboð stjórnar til að vísa kjaraviðræðum til ríkissáttasemjara ef svo ber undir.

Samþykkt samhljóða.

Nú ræddi Ragnar Þór nokkur atriði úr kjaraviðræðum og óskaði eftir afstöðu stjórnarmanna til þeirra hugmynda Samtaka atvinnulífsins að „hella á milli“ í vinnutímamálum t.d. með því að hækka dagvinnu á kostnað þess að lækka yfirvinnuhlutann, lengja dagvinnutímabil og „selja“ kaffitíma.

Umræður.

Í umræðum kom það fram að fundarmenn voru neikvæðir á þessar hugmyndir og bar Ragnar Þór þá að lokum upp til atkvæða að við myndum hafna þessari nálgun þar til liggur fyrir hvað vinnuveitendur vilja koma með á móti.

Samþykkt samhljóða.

### 3. Áætlun 2019

Ragnar Þór lagði fram skjölin „*Rekstraráætlun 2019*“, „*Rekstraráætlun 2019 deildarskipt*“ og „*Rekstraráætlun 2019 – skýringar*“ sem höfðu verið til umfjöllunar á síðasta fundi og þá rækilega kynnt.

Sagði hann að á milli funda hefðu ekki komið neinar athugasemdir og því næst bar hann rekstraráætlun 2019 eins og hún hefur verið kynnt upp til samþykkis.

Samþykkt samhljóða.

#### 4. Uppgjör VR jan-sept 2018

Stefán lagði fram skjölin „VR Árshlutareikningur janúar til september 2018“ og „Lykiltölur VR janúar til september 2018“ og fór yfir efni þeirra á slæðum.

Í máli Stefáns kom m.a. fram að félagsmönnum hefur fjölgað um 2,5% og má segja að komið sé hefbundið jafnvægi á fjölgun þeirra en þeim er þó enn að fjölga og við höldum okkar hlut í heildarfjölda á vinnumarkaði.

Afgreiðslum fjölgar um 6,1% en símtölum fækkar um -2,8%. En því á móti fjölgar mjög heimsóknum á vefinn vr.is eða um 34,1% og fjölgun heimsókna á Mínar síður er 16,1%. Málum á kjarasviði VR fjölgar líka um 13,7%.

Því miður er ekkert lát á aukningu útgreiðslna úr Sjúkrasjóði VR en þar er aukningin 37,8%.

Eignir VR eru 12,7 milljarðar króna og er það aukning um 6,1%.

Næst fór Stefán yfir sambærilegar lykiltölur en þá per félagsmann reiknaðar á ársgrundvelli. Svo hvað varðar rekstraryfirlitið voru helstu tölur þær að rekstrartekjur eru tæpir 3,2 milljarðar króna en rekstrartekjur umfram gjöld eru 42,2 milljónir króna og hreinar tekjur til ráðstöfunar með fjármagnsliðum eru 393 milljónir króna.

Stefán rakti nú helstu liði iðgjalda og þjónustu þar sem kom m.a. fram að nú hafi snúist við fjöldataölur með sölu gjafabréfa í flug hjá WOW air og Icelandair því nú seljist færri bréf í WOW air en mun meira af bréfum Icelandair og megi eflaust rekja það til umræðu og fréttu nýverið um viðkvæma stöðu WOW air.

#### 5. Skipun í kjörstjórn VR 2019

Ragnar Þór lagði fram skjalið „Minnisblað – Tillaga um kjörstjórn fyrir árið 2019“ dags. 7. desember 2018 og las það upp. Gerð er tillaga um að kjörstjórn verði þannig skipuð, að frátöldum þeim sem tilnefndur verður af Landssambandi íslenskra verzlunarmanna eða ASÍ:

Aðalmenn skipaðir af VR:

Þóra Skúladóttir Öfjörð, Vörubílastöðinni Þróttur  
Þorsteinn Þórólfsson, Húsasmiðjan

Varamenn:

Jón Hrafn Guðjónsson, Flugger  
Pálína Vagnsdóttir, Húsgagnahöllin

Engar athugasemdir komu fram og bar Ragnar Þór þá ofangreinda tillögu um skipan kjörstjórnar 2019 upp til atkvæða.

Samþykkt samhljóða.

## 6. Skipun í uppstillingarnefnd vegna stjórnarkjörs hjá LIVE

Ragnar Þór ræddi málefni uppstillingarnefndar vegna stjórnarkjörs hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna en á mánudag var kosið í fulltrúaráð á fundi trúnaðarráðs VR.

Gerði hann tillögu um að eftirfarandi myndu skipa uppstillingarnefndina:

Aðalmenn:

Ragnar Þór Ingólfsson

Helga Ingólfssdóttir

Harpa Sævarsdóttir

Arnþór Sigurðsson

Friðrik Boði Ólafsson

Varamenn:

Selma Björk Grétarsdóttir

Jónas Yngvi Ásgrímsson

Engar athugasemdir komu fram við þessa tillögu og bar Ragnar Þór þá tillöguna upp til atkvæða.

Samþykkt samhljóða.

## 7. Endurnýjun á samningi Rannsóknarseturs verslunarinnar (RSV)

Ragnar Þór lagði fram skjölin „Ágrip af starfssemi Rannsóknarseturs verslunarinnar“ og „Framlög VR til Rannsóknarseturs verslunarinnar“ dags. 30.11 2018. Þar kemur fram að um komandi áramót renni út samningur RSV og VR sem gilt hefur frá 2013. Óskað er eftir að framhald verði á þessari samvinnu og gerður samsvarandi samningur til 4 ára en þó að framlag hækki um 30% eða þannig að árlegur styrkur frá VR væri kr. 3.250.000.

Sagðist Ragnar Þór mæla með því að við höldum áfram þessu samstarfi, það sé ljóst að við séum að nýta okkur þau gögn sem verða til hjá setrinu en hann mælir einnig með því að við myndum halda opinn fund um þróun vefverslunar ofl.

Umræður.

Að loknum umræðum bara Ragnar Þór upp þá tillögu sína að við myndum gera áframhaldandi samning við RSV eins og að ofan er nefnt til 4 ára með árlegum styrk að upphæð kr. 3.250.000.

Samþykkt samhljóða.

Einnig var samþykkt að óska eftir því að fá góða kynningu á þessu verkefni.

**8. Kaup á orlofshúsi á Siglufirði**

Ragnar Þór lét nú ganga milli fundarmanna til undirritunar formlegt umboð svo hægt sé að ganga frá kaupum á húsi því á Siglufirði sem ákveðið hafði verið að kaupa.

Fundi slitið kl. 19:50

Árni Leósson, fundarritari